

## Vika 5 - haustönn

OPIN VIKA



(Krummi svaf í klettagjá)  
Úti drjúpa droparnir,  
þetta og sletta soparnir,  
heyrist í þeim d, d, d,  
þeir detta, sletta og skvetta.

Orðaforðalisti: Dýr

Lubbi: Dd

Strik fyrir strik: Fólk - yngri: bls 24, eldri: 92

Litla Sól: **Unnið með endingu orða og uppbyggingu setninga** bls. 55-59

Sól: **Unnið með setningamyndun** bls. 51-63

Söngvar: Hani, hundur, krummi, svín, Ég fór í dýragarð í dag, Fimm litlir apar,

Fiskarnir tveir, Krummi krunkar úti, Fljúga hvítu fiðrildin

Kiddi og Edda dansa dátt,  
d, d, d, þau kalla hátt  
þegar þau heyra þetta,  
já, heyra dropa detta.

## Kennslutilhögun og dagskipulag

**Setja orð á athafnir:**

**Samvera:** Skoða dýr, lesa dýrabækur, segja dýrasögur, gátur um dýr (hvað er brúnt, með langt skott og á heima upp í tré?) hvað heita afkvæmi dýranna, Hókus Pókus ég breyti þér í frosk/hund/kött/risaeðlu, hvað segja dýrin, hægt að nota Bitsboard og hlusta á dýrahljóð og skoða myndir af dýrum

**Við matarborðið:**

**Í fataherbergi:** Hvaða dýr eiga heima í Vestmannaeyjum? en í sjónum? ætli það séu einhver dýr á skólalóðinni, er dýramynstur á útifötunum?

**Í hópatímum:** Velja áhugavert dýr og vinna þemaverkefni, teikna, mála, klippa, lesa bækur, skoða myndbönd. Hvar eiga dýrin heima? Rannsaka skordýr, herma eftir dýrum, hvað segja dýrin? Flokka dýr eftir því hvar þau búa. Hvaða dýr fljúga/synda/skríða/ganga

Orðaforðalisti MMS: Dýr

**Yngsti hópur:** kisa, hundur, hestur, kýr, kind, fugl, svín, hani, hæna, mús, kanína, ormur, fluga,

**Mið hópur:** geit, önd, lamb, hvolpur, kettlingur, folald, kálfur, ungi, refur, froskur, fiðrildi, könguló, páfagaukur, krabbi, fíll, ljón, tígrisdýr, gíraffi, api, krókódíll, ísbjörn, hákarl, risaeðla, eðla

**Elsti hópur:** húsdýr, gæs, álft, lundi, máfur, kalkúnn, mörgæs, selur, hvalur, höfrungur, hreindýr, geitungur, lirfur, púpa, býfluga, rotta, ánamaðkur, snigill, slanga, kengúra, naggrís, broddgöltur, íkorni, skjaldbaka, uglu, leðurblaka, skógarbjörn, panda, úlfur, sebrahestur, nashyrningur, asni, villidýr, dreki